

**Menningar- og ferðamálnefnd Hafnarfjarðar (MOF) f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579 og Lúðrasveit Hafnarfjarðar (LH), kt. :**

## **SAMNING**

Um fjárstuðning Hafnarfjarðarbæjar við Lúðrasveit Hafnarfjarðar á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2021

### **1. gr. Markmið**

Meginmarkmið með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við LH er að:

- styðja við starfsemi LH sem hefur starfað í Hafnarfirði síðan 1950
- veita Hafnfirðingum og öðrum aðgang að tónleikum og viðburðum þar sem LH kemur fram
- veita Hafnfirðingum og öðrum aðgang að lúðrasveit sem byggir starfsemi sína á faglegum grunni
- tryggja samfellu og framþróun í starfsemi LH

### **2. gr. Framlag Hafnarfjarðarbæjar**

Á samningstímanum leggur MOF LH til í beinum fjárframlögum kr.:

kr. 600.000 árið 2019

kr. 600.000 árið 2020

kr. 600.000 árið 2021

Upphæðin greiðist í einni greiðslu og skulu forsvarsmenn LH senda löglegan reikning til Hafnarfjarðarbæjar, með skýringu „Lúðrasveit Hafnarfjarðar, samstarfssamningur, (ártal)“

### **3. gr. Framlag og markmið Lúðrasveitar Hafnarfjarðar**

LH hefur verið mikilvægur þáttur í tónlistarlífi í Hafnarfirði undanfarin nær 70 ár og lífgað upp á tónlistarlífið í bænum. Menntaðir tónlistarmenn settu hljómsveitina á laggirnar í upphafi til að skapa blásturshljóðfæra og slagverks tækifæri til samspils, símenntunar og tónleikahalds.

LH stundar skipulegar æfingar, skipuleggur og heldur tónleika og tekur þátt í viðburðum öll þrjú samningsárin.

### **4. gr. Ábyrgð**

LH ber ábyrgð á að starfsemi LH fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. LH ber ábyrgð á skuldbindingum sem LH eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. LH er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

### **5. gr. Kynningarmál**

Á öllu kynningarefni LH, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að LH sé styrkt af Hafnarfjarðarbæ og birtir LH merki Hafnarfjarðar í því skyni. Tengja má ferðavefsvæði höfuðborgarsvæðisins [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi LH til að kynna Hafnarfjörð sem best sem menningarlegan áfangastað.

### **6. gr. Samskipti og eftirlit**

Ritari menningar- og ferðamálanefndar er tengiliður samningsins við LH. LH skal skila árlegri skýrslu þar sem fram kemur dagskrá, aðsóknartölur, uppgjör og lýsing á kynningarmálum til ritara MoF í síðasta lagi 10. október ár hvert.

#### **7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telur LH hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Hafnarfjarðarbæjar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til LH hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

#### **8. gr. Gildistími**

Samningur þessi er gerður í samræmi við úthlutunarreglur menningarstyrkja frá 10.01.2019. Samningurinn gildir til 31. desember 2021. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### **9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálanefndar og bæjarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfirði 21.. mars 2019

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Lúðrasveitar Hafnarfjarðar